

Breiðholtsverkefnið

Yfirlitsgrein um þróun verkefna árið 2012 - 2018

Inngangur

Verkefnið sem hér er til umfjöllunar hefur fengið heitið Breiðholtsverkefnið og hefst með ákvörðun borgaryfirvalda árið 2011. Hvílið það á grunni þjónustumiðstöðva sem hafa starfað frá árinu 1997 og sér í lagi Breiðholts sem hefur starfað síðan árið 2005. Með Breiðholtsverkefninu er ákveðið að stíga stærra skref með markmið um að „þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum hverfisins til hagsbóta“. Einnig kemur fram í samþykkt um verkefnið að það er „lögð áhersla á að þjónusta við íbúa í Breiðholti verði eflað með því að ... þróa nýjar lausnir í þjónustu.“¹ Því hefur verið lögð áhersla á framþróun þjónustunnar sem birtist í fjölmörgum verkefnum sem fjallað verður betur um. Verður reynt að svara því hvernig gengið hefur að ná þessum markmiðum með Breiðholtsverkefninu sem staðið hefur yfir í 5 ár.

Megintilgangurinn með þessu yfirliti er að safna saman heimildum og leggja þær fram með skipulegum hætti til frekari nota við framþróun þekkingar og þjónustu af þessum toga. Höfundur hefur starfað sem hverfisstjóri í Breiðholti frá árinu 2012 og leitt umbótastarf hverfisins í gegnum Breiðholtsverkefnið. Hann tók þátt í stofnun Miðgarðs árið 1997 og var framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar á árunum 2005-2012. Hafa þarf hugsanlega hlutlægni höfundar í huga við lestur þessarrar yfirlitsgreinar þó að greinin verði vel studd gögnum og heimildum.

Er öllu starfsfólki sem starfað hefur í og með Þjónustumiðstöð Breiðholts þakkað fyrir þá miklu þróunarvinnu sem hefur farið fram og þá miklu daglegu þjónustu sem veitt er. Árangurinn byggir fyrst og fremst á víðtæku samstarfi.

Fyrirliggjandi gögn

Byggt verður á úttæktum, skýrslum og greinum ásamt opinberum og óopinberum gögnum sem hægt er að ná í. Hvað varðar eldri heildstæðar úttæktir í aðdraganda verkefnisins þá er til m.a. úttækt Pricewaterhouse Coopers um Miðgarð frá árinu 2000.² Vísað er einnig til rannsóknar um fyrstu 5 ár þjónustumiðstöðva þar sem farið er yfir breytingar sem urðu á skipulagi Reykjavíkurborgar, á þjónustunni og verkefnum sem hafa flust frá ríkisvaldsins til borgarinnar.³

¹ Sótt af netinu 25.7.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/sam_ykkt_tillaga_um_brei_holtsverkefni_1.pdf

² Sótt af netinu 25.7.2018: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/uttekt2001.pdf>

³ Sótt af netinu 25.7.2018:


https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/throunognyskopun.pdf

Fyrir liggja úttæktir á Breiðholtsverkefninu með tilvísun til árangurs einstakra verkefna og gagna sem til eru um þau. Stofnun stjórnsýslufræða gerði stöðu úttækt á verkefninu árin 2013 – 14 sem kom út árið 2015 og sama ár gerði Expectus úttækt á verkefninu. Einnig hefur verið fjallað um verkefnið í úttæktum þjónustuhóps og innri endurskoðunar á starfi þjónustumiðstöðva.

Kenningar

Til að skilja betur viðfangsefnið skal hér litið til umhverfiskenninga, kenninga um félagsauð og kerfiskenninga með tilvísun í gæðastjórnun.

Með umhverfiskenningu Bronfenbrenner sem sett var fram árið 1979 er þeim kerfum lýst sem hafa áhrif á líf einstaklings. Kerfunum er skipt upp í nokkur áhrifalög. Innst er nærkerfi (e. microsystem) sem endurspeglar einstaklinginn og því næst kemur millikerfi (e. mesosystem) sem nær utan um nærumhverfi hans, vini, fjölskyldu, skóla og frístundir. Næst kemur stofnanakerfi (e. exosystem) sem tengist meira ytri tengslum svo sem stofnunum samfélagsins og hvernig þær hafa áhrif. Yst kemur svo lýðkerfi (e. macrosystem) sem endurspeglar ytri ramma svo sem lög, gildi og norm menningarsamfélagsins. Þegar litið er til umhverfiskenningarinnar má greina og skilja betur samspil áhrif ólíkra þátta á líf fólks og setja forvarnarstarf í rétt samhengi. Þannig má átta sig betur á því hvernig best er að standa að forvörnum og hvernig megi búa sem best að þroska og lærdómi barna og ungmenna.⁴



Menningarleg áhrif eru staðbundin og háð menningu hvers samfélags og hafa kenningar sem tengjast umhverfiskenningu Bronfenbrenners dregið þetta fram.⁵ Er hér um að ræða félagslega hugsmíðahyggju sem byggir á að staða fólks getur breyst í gegnum þroska og lærdóm og byggir á þeim félagslegum aðstæðum sem það býr í. Þá skiptir máli að með því að bregðast við neikvæðum áhrifum og byggja á styrkleikum viðkomandi þá megi koma í veg fyrir aukinn vanda síðar.⁶ Langtímarannsóknir á hverfum Chicago borgar hafa t.d. leitt í ljós að það getur skipt máli hvar í borginni fólk býr þegar litið er til heilbrigðis og langlífis. Þannig getur barn sem fæðist í austurhluta borgarinnar átt von á því að lifa 10 árum skemur en

⁴ Bronfenbrenner, 1979, The ecology of human development

⁵ Allison, 1997, Public and private management

⁶ Rogoff, 2003, The cultural nature of human development

barn í vesturhluta borgarinnar. Flutningar á fólki á milli hverfa hafa áhrif á þessa þætti og virðist félagslegt umhverfi hafa því umtalsverð áhrif á heilbrigði og langlífi.⁷ Hefur þetta verið skoðað með kenningum um félagsauð.

Grundvallarþættir félagsauðs byggja á félagslegum tengslum manna á milli og svo hvernig traust byggist upp með jákvæðum afleiðingum fyrir alla, líka þá sem taka ekki virkan þátt í tengslunum. Félagsauður skiptir miklu máli í forvarnarstarfi þar sem staða hans í samfélögum gefur til kynna hvernig börnum og ungmönnum farnast í leik og starfi. Því meiri sem félagsauðurinn er því betur gengur öllum að þroskast og ná árangri, líka þeim börnum sem búa við bágar fjölskylduaðstæður eða eiga í persónulegum erfiðleikum að öðru leyti. Kenningin skýrir hvernig heildin getur bætt upp fyrir einstaka veikleika. Skilgreining á félagsauði byggir á tengslum sem eru *brúandi*, *bindandi* og *tengjandi*. Bindandi félagsauður byggir á varanlegum fjölþættum tengslum milli tengds fólks svo sem vina og fjölskyldu. Brúandi félagsauður verður til í tengslum milli fólks sem eiga minna í sameiningu en gætu átt sameiginlega hagsmuni sem nágrannar, samstarfsfélagar eða í gegnum ólíka hópa innan tiltekins samfélags. Tengjandi félagsauður myndast svo milli fólks eða samtaka fólks sem ná lengra en í gegnum jafningjatengsla og gerir fólki kleift að hafa áhrif og nálgast aðföng sem ekki má finna í nærumhverfinu.⁸ Hafa tengsl samtaka og sjálfboðaliðastarf við þjónustu gefið jákvæða raun og eftir félagsauð samfélaga.⁹ Þegar unnið er með félagsauð þá eru vísbendingar um að þegar slíkt er gert markvisst og árangur mældur þá geti slíkt haft áhrif á fólk og samfélag sem um ræðir. Árangur af slíkri vinnu fer til umræðu í samfélaginu og verður þar með virkur hluti af samfélagsþróun.¹⁰ Þegar félagsauður er svo skoðaður nánar í samhengi grenndarsamfélags þá kemur í ljós að áhrifa hans gætir í félags- og vitsmunaproska barna og ungmenna. Kenningar um félagsauð eru tengdar kenningum um mannauð og er talið að þessir þættir hafa gagnkvæm áhrif á hvort annað. Munur er þó þar á að auðveldara er að fjárfesta í mannauði en félagsauði sem byggist meira á vilja fólks til að starfa saman í samfélagi án þess að eiga von á því að uppskera fyrir framlag sitt. Gefur þetta vísbendingu um að forvarnir sem byggja m.a. á félagsauð eru háðar því hvað fólk er tilbúið að starfa í þágu heildarinnar án þess að gera kröfu um beinan ábata fyrir. Hefur þetta verið skoðað sérstaklega í sambandi við skólastarf og hvernig nemendum gengur í námi. Félagsleg virkni foreldra nýtist líka börnum sem eiga foreldra sem eru ekki virkir þannig að jákvæðar afleiðingar félagsauðs nýtast mun fleirum en þeim sem taka beint þátt.¹¹ Einnig má sjá jákvæð áhrif félagsauðs birtast í starfi félagasamtaka sem bæði rækta tengsl og skila þjónustu sem skapa traust sem nær langt út fyrir starf þeirra. Þau eiga oft frumkvæði að því að bregðast við vanda, verða oft málsvarar fyrir ýmsa hópa og hvetja fólk til þátttöku og efla þannig lýðræði.¹²

⁷ Sampson, 2012, Great American city: Chicago and the enduring neighborhood effect

⁸ Putnam, 2000; Kristinsson, 2001; Henderson & Thomas, 2013; Gilchrist & Taylor, 2016


⁹ Ómar H. Kristmundsson, Steinunn Hrafnadóttir 2008. *Stjórnun og rekstur félagasamtaka*

¹⁰ Macgillivray & Walker, 2000

¹¹ Coleman, 1990 og einnig hefur dr. Jón Gunnar Bernburg fjallað um þetta og flutt erindi á ráðstefnu tengdri Breiðholtsverkefnum um félagsauð og skólastarf í hverfinu.

¹² Salamon, 2001 og Kristmundsson og Hrafnadóttir, 2008.

Til að skýra betur þessi tengsl og greina heildstæðan veruleika þá má sækja í kerfishugsun og kerfiskenningar (e. systems theory) þar sem sjá má hvernig margvíslegir þættir tengjast með ólíkum hætti í félagslegum veruleika fólks. Þar má greina þrjá meginþætti; einstaka þætti, hvernig þeir tengjast með gagnkvæmum hætti og svo hvaða hlutverki þeir gegna. Dæmi um þetta er flókið samspil liðs, skóla eða vinnustaðar sem allt eru dæmi um kerfi sem svo geta aftur tengst í neti annarra kerfa. Hefðbundin greining á tengslum og neti miðast oft við hefðbundið skipulag, þ.e. skipurit, skólahverfi og einkenni hópa. Veruleikinn er hins vegar oft flóknari og þarf þá að skyggjast bak við slíkar greiningar og leiða fram óformleg tengsl, net og fleira sem félagsleg þekking getur fært okkur. Þannig má greina aðila sem við fyrstu sýn hafa engin áhrif en geta í raun haft mikil völd og áhrif á gang mála. Útgangspunkturinn gæti verið sjónahorn barns og hvernig við störfum sem best saman heildrænt til að mæta sem best þörfum þess bæði með formlegum og óformlegum hætti.¹³ Grunnhugmyndir gæðastjórnunar byggja á þessum kenningum þar sem áhersla er lögð á umbótastarf og ólíkir þættir eru metnir á heiltækan hátt í því skyni að ná eins góðum árangri og mögulegt. Lögð er áhersla á að virkja alla hlutaðeigandi aðila í því skyni að fækka mistökum með stöðugum umbótum. Með því að bregðast fyrr við þá verði komið í veg fyrir aukinn vanda síðar og þannig verði dregið úr sóun sem nýtist öllum hlutaðeigandi aðilum.¹⁴ Við stjórnun hefur verið stuðst við kenningar um lærdómsstofnunina og áherslur sem styðja framþróun og nýsköpun. Í neðangreindri mynd má sjá grunngerðina í hugmyndum Mintzbergs sem breytist eftir því hvað áherslur eru lagðar. Reiknað er með að þekking og lærdómur til framþróunar verði til í 80% tilvika í samspili viðskiptavina og fagfólks og þaðan megi nýta niðurstöður til ákvarðanatöku og tilrauna. Því eykst áhersla á aðgerðakjarnanum fá meira umboð í teymum og samstarfi.¹⁵



Birtast þessar áherslur á ólíkum fagsviðum og má sérstaklega nefna þekkingu á samfélagsvinnu hefur m.a. verið þróuð innan félagsráðgjafarinnar og hefur verið órofa hluti af þróun hennar frá tímum iðnbyltingarinnar.¹⁶ Einnig hefur þekking innan borgarfræða þróast umtalsvert þar sem lögð er áhersla á mikilvægi félagslega þáttarins til þess að laða fram

¹³ Seddon, 2008, Systems thinking in the public sector og Cross og Parker, 2004, The hidden power of social networks

¹⁴ Deming, 1982, Out of the crisis

¹⁵ Mintzberg, 1979, The structuring of organizations

¹⁶ Twelvetrees, Community work, 1991 og Popple, Analyzing community work, 2015

styrkleika og möguleika hvers samfélags, einstaklingum og fjölskyldum til góða. Hefur þekking um hverfi og grenndarnálgun einnig aukist í tengslum við þróun borgarfræða.¹⁷

Þróun hverfisnálgunar

Þróun á skipulagi grenndarþjónustunnar í Reykjavík má m.a. rekja til laga sem sett voru á Alþingi árið 1994 til að auðvelda sveitarfélögum að þróa þjónustuna og lýðræðislegt grenndarhlutverk sveitarstjórna. Byggðu lögin m.a. á þekkingu og þróun sambærilegra mála frá Norðurlöndunum og sér í lagi Skandinavíu.¹⁸ Sveitarfélögin þar höfðu haft um nokkurt skeið mun stærra hlutverk í veitingu opinberrar þjónustu sem framkvæmdaaðili á annars metnaðarfullu almannatryggingakerfi sem ríkið tryggði með stefnumörkun og lagasetningu. Hverfissskipting í sveitarfélögum og sér í lagi borgum hafði þróast nokkuð með tilkomu sameiginlegra þjónustumiðstöðva. Fengu þessar þjónustumiðstöðvar heitin „One stop shop“ þar sem leitast var við að samhæfa og bæta nærþjónustuna með tilliti til þarfa íbúa frekar en ákvarðana embættismanna um þjónustuviðmið.¹⁹ Samfélagsvinna hér á landi tengist svo þessarri þróun með markvissri vinnu sem varðar uppbyggingu félagauðs í nærsamfélaginu.²⁰ Markmið laganna hér á landi var að flytja ábyrgð á framkvæmd verkefna frá ríkisvaldinu til sveitarstjórna og efla þær í auknu hlutverki opinberrar þjónustu.²¹ Í Reykjavík varð til Miðgarður árið 1997 sem stærsta framlag borgarinnar til þessarra tilrauna. Hlutverk Miðgarðs var að þróa samþætta þjónustu í Grafarvogi, starfa náið með íbúum þess og starfa með hverfisnefnd sem skipuð var af borgarstjórn. Gekk sú tilraun vel og varð síðar fyrirmynd að stofnun þjónustumiðstöðva árið 2005 í 6 hverfum borgarinnar.²²



23

¹⁷ McKnight, Block, 2012, The abundant community, Sampson, The great american city, 2012

¹⁸ Lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994

¹⁹ Askim, Fimreite, Moseley, & Pedersen, 2011 og Hansen, Klausen, & Winsvold, 2013; Bäck, Gjelstrup, Helgesen, & Klausen, 2005; Brunet-Jailly, 2005

²⁰ Hutchinson, 2009; Community work in the nordic countries

²¹ Sótt af netinu 25.7.2018: <https://www.althingi.is/lagas/130a/1994082.html>


²² Sótt af netinu 25.7.2018: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/uttekt2001.pdf>

²³ Kortið sýnir hverfi hverfisráðanna fyrir utan Kjalarnesið. Þjónustuhverfin voru: Vesturbær, Miðborg/Hlíðar, Laugardalur/Háaleiti/Bústaðir, Grafarvogur/Kjalarnes, Árbær/Grafarholt/Úlfarsárdalur og Breiðholt.

Þjónustumiðstöðvarnar fengu svo það hlutverk að þróa grenndarþjónustu þvert á fagsvið, eiga í góðu samstarfi við stofnanir ríkisins og undirbúa frekari flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga eins og reyndin varð t.d. með flutningi á heimahjúkrun árið 2009 og þjónustu fatlaðs fólks til sveitarfélaga árin 2010.²⁴ Enn fremur störfuðu þjónustumiðstöðvarnar með 10 hverfisráðum með aukið þátttökulýðræði og eflingu félagsauðs sem markmið en myndin hér að ofan sýnir skiptingu þeirra í borginni.²⁵ Málefni Breiðholtshverfis voru tekin til umræðu uppúr 2010 hjá borgaryfirvöldum m.a. á samráðsfundi í Gerðuberginu²⁶. Hluti af niðurstöðu þeirra umræðna var samþykkt borgarráðs árið 2011 um Breiðholtsverkefni þar sem kveðið var á um markmið, helstu verkefni og hvernig ætti að fylgja þeim eftir.²⁷ Tekin var ákvörðun um að stíga viðbótarskref í átt að frekari hverfisþróun þar sem aukin áhersla verði lögð á samstarf, lýðræði og að skoðað verði heildstætt hvernig megi efla Breiðholtshverfi, m.a. með því að ráða hverfisstjóra á grunni starfs framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts árið 2012.

Bakgrunnur

Í Breiðholti bjuggu 21.944 manns um áramótin 2017-18 en um 20.546 árið 2012. Þegar fólksfjöldinn náði hámarki bjuggu tæplega 30.000 manns uppúr 1980.²⁸ Í hverfinu er fjölbreytt íbúasamsetning hvort sem litið er til félagslegslegrar eða menningarlegrar stöðu. Þegar Breiðholtið var að byggjast voru byggðar fjölmargar íbúðir fyrir þá sem hafa þurft stuðning vegna efnahagslegra og félagslegra aðstæðna. Myndin hér að neðan sýnir fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eftir hverfum árið 2018.



²⁴ Sótt af netinu 26.7.2018: <https://www.althingi.is/altext/139/s/0298.html>

²⁵ Sótt af netinu 25.7.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/throunognyskopun.pdf

²⁶ Sótt af netinu 26.7.2018: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=323675


²⁷ Sótt af netinu 26.7.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/sam_ykkt_tillaga_um_brei_holtsverkefni_1.pdf

²⁸ Sótt af netinu 30.7.2018:

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03301.px/?rxid=cba6a67f-20ef-4bcb-94c6-c6d12a648525

Síðasta áratuginn hefur svo hlutfall fólks af erlendum uppruna stóraukist í samfélaginu umfram önnur hverfi. Hlutfall innflytjenda hefur farið úr 5% íbúa árið 2002 í 22% árið 2017. Í efra Breiðholti er hlutfall innflytjenda hæst árið 2017 eða 29%. Er þetta herra en annars staðar í Reykjavík eða 14%.²⁹ Hlutfall barna með annað móðurmál en íslensku er svo komið yfir 80% í leik- og grunnskólum í Fellahverfi.³⁰ Hér að neðan sýnir myndin meginþróunina.



Breiðholtið er aftur að verða vinsælt meðal barnafólks og búa þar einnig margir sem búa að háu menntastigi og sterkri félags- og efnahagsstöðu. Er hafin íbúafjölgun sem mun haldast í hendur við aukna þéttingu. Skipulag hverfisins þykir hafa heppnast vel, ekki síst þegar litið er til þess hversu vel fjölbreytileikinn þrífst þar og eru gönguleiðir barna í skóla greiðar, til staðar eru athafnakjarnar og gott aðgengi er að náttúru og opnum svæðum. Endurskoðun skipulags hefur verið framkvæmd með þátttöku íbúa og birtist niðurstaðan í nýju hverfisskipulagi.³¹ Standa svo væntingar til þess að tengja megir Breiðholtið betur við aðra borgarhluta með betri almennings- og hjólasamgöngum en umbætur þar eru hafnar með sérstökum hjólareinum og áætlunum um tengingu við borgarlínuna. Þannig megir mynda betra flæði um alla borgina á forsendum fólks.³²

Breiðholtsverkefni

Við upphaf verkefnisins í Breiðholti var settur af stað stýrihópur sem í sátu borgarstjóri, sviðsstjórar, fulltrúar hverfisráðs og með hópnum starfaði svo nýráðinn hverfisstjóri Breiðholts.³³ Til að fylgja eftir ákvörðunum stýrihóps starfaði svo framkvæmdaráð hverfisins sem í sátu fulltrúar borgarstofnanna í hverfinu. Fundaði stýrihópurinn mánaðarlega og birti

²⁹ Sótt af netinu 31.7.2018:

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MA N43006.px/

³⁰ Sótt af netinu 3.9.2018: <http://borgarblod.is/?p=3287>

³¹ Sótt af netinu 31.7.2018: <http://hverfisskipulag.is/>

³² Hjálmar Sveinsson, Borgin heimkynni okkar, 2018

³³ Sótt af netinu 16.8.2018: <https://reykjavik.is/styrihopur-hverfisstarfs>

jafnóðum fundargerðir á vefnum breidholt.is.³⁴ Ákveðið var í upphafi að fara í greiningarvinnu og samráð við helstu hagsmunaaðila. Úr varð námskeið sem haldið var fyrir stjórnendur í hverfinu sem kallaðist heiltæk forysta sem leiddi svo m.a. af sér starfsdaginn Breiðholtsbylgjuna sem stóð öllum 45 starfsstöðum og 1200 starfsmönnum hverfisins til boða. Hefur verið fjallað um árangur þess í grein sem finna má í meðfylgjandi tilvísun en meginniðurstöður hennar eru að starfsfólk taldi slíkan heildstæðan starfsdag sem bauð þeim upp á að deila þekkingu vera gagnlegan.³⁵ Náði námskeiðið með stjórnendum yfir eitt ár og fjallaði um það hvernig væri hægt að starfa betur saman til hagsbóta fyrir börnin í hverfinu.³⁶ Einnig var leitað eftir samstarfi og þekkingu hjá aðilum sem hafa verið framarlega í framþróun og nýsköpun á alþjóðavettvangi á árunum 2013 - 2015. Var stjórnendum þjónustumiðstöðvar boðið á námskeið Lubanski um aðferðir í þróunarstarfi, hjá Mind Lab um notendasamráð og lýðræðisstofnun Bruno Kaufman sem hefur tekið þátt í þróun þátttöku og beins lýðræðis.³⁷ Til að eiga samráð við íbúa var haldið Breiðholtsþing í Gerðubergi þar sem íbúar lögðu fram fjölmargar hugmyndir og ábendingar um hverfið.³⁸ Úr þessari vinnu var svo mótuð starfsáætlun þjónustumiðstöðvar Breiðholts og grunnur lagður að margvíslegum verkefnum sem áttu að mæta þörf íbúa fyrir framþróun hverfisins.³⁹ Verður nokkrum þessarra verkefna lýst hér á eftir.

Ímynd og upplýsingamiðlun

Í greiningarvinnu verkefnisins komu fljótlega fjölmargar ábendingar um ímynd hverfisins og hvernig fjölmiðlar segðu frá því. Haldinn var rýnifundur með völdum aðilum sem byggju í hverfinu, höfðu tengst því og höfðu þekkingu á almannatengslum. Teknar voru ákvarðanir um aðgerðir til þess að bæta ímyndina og auka hlutfall jákvæðra fréttar. Til að byrja með var ákveðið að útbúa sameiginleg ímynd fyrir þessa vinnu og úr varð að hönnuðurinn Bobby Breiðholt hannaði auðkennið Breiðholt á grænum fleti. Til að undirstrika fjölbreytileika þá voru svo fánar útbúnir í margvíslegum litum. Hefur þetta auðkenni verið m.a. notað víða af unglingum á snapchat, til að merkja sameiginleg verkefni í hverfinu og sem ímynd þegar verið er að fjalla um hverfið.

³⁴ Sótt af netinu 30.7.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/a_ger_a_tlun_st_rih_ps_um_b_tta_j_nustu_brei_holti.pdf

³⁵ Sótt af netinu 30.7.2018: <https://www.facebook.com/breidholtsbylgjan/> og

https://reykjavik.is/sites/default/files/working_together_breidholtsbylgjan_2017.pdf

³⁶ Sótt af netinu 30.7.2018: <https://kritin.files.wordpress.com/2013/03/breic3b0holt-a2-plakkat.pdf>

³⁷ Lubanski, 2013, Velfærdsinnovation, Bason, 2010, Leading public innovation og

<https://www.democracy-international.org/bruno-kaufmann>


³⁸ Sótt af netinu 30.7.2018: https://reykjavik.is/sites/default/files/samantekt_umr_uh_pa_-_brei_holt_sr_-_ing_25_ma_2012.pdf

³⁹ Sótt af netinu 30.7.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_og_starfa_tlun_brei_holt_2013-2014.pdf



Samið var við Fjölmiðlavaktina um að fylgjast með umfjöllun um Breiðholtið í fjölmiðlum fyrir árin 2013 og 2014 til að meta mætti árangur. Með málefna greiningu mátti sjá hvernig og hversu mikið hver og ein stofnun birtist í opinberri umræðu, hvort að umfjöllun væri jákvæð eða neikvæð og hver þróunin var yfir þennan tíma sem mælt var.⁴⁰ Haldin voru fræðsluerindi fyrir stjórnendur í hverfinu um almannatengsl af fjölmiðlavaktinni og menningarhúsinu Gerðubergi á sérstökum hádegisfundum og í kjölfarið var haldið námskeið um notkun samfélagsmiðla í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Voru starfsstaðir beðnir um að setja sér markmið um að fjölga frásögnum og fréttum af jákvæðu starfi og viðburðum í hverfinu. Sett var upp „like“ Facebook síða fyrir Breiðholtið sem yfir 3600 manns fylgja og hefur verið gott samstarf um Facebook síðu íbúasamtaka Breiðholts en þar eru 7900 meðlimir. Hafa þessar síður verið nýttar til þess að veita upplýsingar, ræða málefni hverfisins og bregðast við því sem sett er þar inn.⁴¹ Breiðholtsblaðið er annar öflugur miðill sem nýtist við að koma upplýsingum, fréttum og umræðu á framfæri. Hafa mælingar sýnt að það er hlutfallslega mest lesið í Breiðholti miðað við önnur hverfi (ath heimild).⁴²



Megin niðurstöður mælinga Fjölmiðlavaktarinnar sýndu að á 4 mánaða tímabili jókst magn neikvæðra fréttu um 5% og voru hverfandi á meðan að hlutfall jákvæðra fréttu jókst um 4%.

⁴⁰ Fjölmiðlavaktin: Breiðholt-Niðurstöður fjölmiðlagreiningar apríl 2013, ágúst 2013, desember 2013 og maí 2014.

⁴¹ Sótt af netinu 1.8.2018: <https://www.facebook.com/groups/48187369678/> og <https://www.facebook.com/breidholtid/>


⁴² Sótt af netinu 1.8.2018: <http://borgarblod.is/?cat=5>

Heildar umfjöllun minnkaði hins vegar þar sem fréttir sem flokkast undir hvorki né minnkuð nokkuð eða 26%.

Breiðholtslíkanið og snemmtæk íhlutun

Frá því að þjónustumiðstöðvar voru stofnaðar hefur eitt markmið þeirra verið að standa vel að forvörnum. Hluti af þeirri nálgun er snemmtæk íhlutun. Er í þessu samhengi reynt að finna sem fyrst einkenni á vanda hjá börnum með til dæmis skimunum og ábendingum og bregðast við með stuðningi og leiðbeiningum um hvernig best sé að bregðast við með viðeigandi árangri. Er þá lögð aukin áhersla á úrræði og minni á formlegar greiningar sem leiða á til minni þörf á greiningum sem eru oft forsenda þess að stofnanir samfélagsins veiti viðeigandi fjármagni til úrræða. Hefur þessi þróun sem hófst árið 2005 verið þróuð í nánú samstarfi við leik- og grunnskóla Breiðholts. Einnig hefur átt sér töluvert samstarf við heilsugæslustöðvar, barnavernd Reykjavíkur, barna og unglingageðdeild og Fjölbrautaskólann í Breiðholti varðandi þessa nálgun. Frá og með árinu 2005 hefur verið lögð mikil áhersla á samstarf milli leik- og grunnskóla. Eru tengiliðir við hvern skóla og býðst þeim þverfagleg þjónusta m.a. hjá sálfræðingum, kennsluráðgjöfum og félagsráðgjöfum. Hefur þjónustan verið samhæfð m.a. vegna brotthvarfs úr skóla og var t.d. stofnað til úrræðisins Skólasels sem býður uppá skammtímalausn fyrir nemendur sem hafa þurft stuðning og kennslu utan skóla. Fyrir utan hefðbundnar greiningar þá hafa skimanir og forathuganir verið notaðar til að nálgast vanda barna fyrr en ella og geta brugðist sem fyrst við. Meðal úrræða sem börnum hefur verið boðið uppá eru námskeið og stuðning vegna uppeldis. Má nefna foreldranámskeið (PMT), námskeið í tilfinningastjórn og stuðningsþjónustu inná heimili. Samhliða hefur átt sér samstarf með kennurum og starfsfólki skólanna. Þjónustumiðstöðin hefur svo veitt framhaldsskólanemum sálfræðiþjónustu í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá og með 2013. Niðurstöður sýna að með auknum stuðningi hefur verið hægt að minnka þörf fyrir greiningar og leysa úr vanda barna svo að ekki hafi komið til þess að leita frekari lausna. Í stað þess að bíða fyrst eftir greiningu og bjóða svo úrræði hefur verið komið í veg fyrir að dýrmætum tíma í lífi barns hefur verið sóað. Rannsóknir hafa sýnt á að því fyrr sem brugðist er við vanda barna og þá snemma á æviskeiðinu því líklegra er að það náist árangur við að leysa farsællega úr þeim vanda sem við á.⁴³

⁴³ Sótt af netinu 14.8.2018: <https://heckmanequation.org/resource/the-heckman-curve/>



Árangur verkefnisins hefur styrkt þá áherslu á að snemmtæk íhlutun í lífi barna skili tilætluðum árangri. Þörf á greiningum hefur fækkað verulega og aukinn tími starfsfólks er betur nýttur í snemmtæka íhlutun og virkan stuðning við börn og foreldra.⁴⁴

Heilsueflandi Breiðholt og forvarnir


Til að fylgja eftir stefnu yfirvalda í heilsueflingu var farið af stað með heildstætt verkefni í Breiðholti sem byggði á jákvæðri nálgun og á þeim grunni sem forvarnarstarf til tveggja áratuga hefur skilað. Með því að tengja saman rannsóknir á viðhorfum unglunga við starf fagfólks og samstarf með foreldrum hefur náðst umtalsverður árangur við að breyta viðhorfum til uppeldis, sér í lagi útivistartíma, neyslu tóbaks og áfengis. Hefur þessi nálgun verið kölluð íslenska leiðin sem er í raun líkan sem byggir á samstarfi í nærsamfélaginu. Í Reykjavík hefur þetta verið hverfislíkan sem hefur byggt á góðu samstarfi um þessar breytingar⁴⁵. Rannsóknir hafa svo sýnt okkur að áskoranir í forvörnum hafa færst frá ofangreindum málum yfir í verri líðan og önnur lífstílstengd vandamál í lífi barna og unglunga. Hefur forvarnarvinnan því dýpkað með tilkomu heilsueflandi nálgunar sem nær betur utan um þær lausnir sem þörf er á. Áfram er þó byggt á hverfislíkaninu eða því mikla samstarfi sem fram fer í nærsamfélaginu og varðar gildi og breytni í daglegu uppeldi og lífi fólks. Er þetta eðlileg þróun á þeirri árangursríku forvarnarvinnu sem hefur skilað íslenskum börnum og ungmennum betra lífi.

⁴⁵ Tekið af netinu 24.9.2018:

https://www.academia.edu/34653967/The_neighborhood_effect_Presentation_about_preventive_work_in_Reykjav%C3%ADk_for_20_years

Based on the Icelandic Prevention Model

From highest to lowest in substance use – 15/16 year old students



1

Fyrirmyndin að heilsuefingaráætlun Breiðholts var nálgun Heilsueflandi samfélags sem m.a. Mosfellsbær hafði verið að þróa. Heilsueflandi framhaldsskólar voru búnir að byggja upp þessa nálgun og við bættust grunn- og leikskólar. Samfélagsnálgunin bætir svo við öðrum s.s. eldri borgurum, fötluðu fólki og íbúum almennt. Eftir að borgarstjóri, formaður hverfisráðs Breiðholts og hverfisstjóri sameinuðust um yfirlýsingu var lagt af stað með heildstæða nálgun í hverfinu með samstarfi stofnanna.



Þannig urðu til 42 áætlanir hjá stofnunum hverfisins með mælanlegum markmiðum sem verður fylgt eftir reglulega. Var þessarri áætlun jafnframt stillt upp sem forvarnaráætlun hverfisins sem mun gilda til ársins 2019. Er byggt á 4 stöðum, *næringu, hreyfingu, líðan og lífstíl*. Einnig hefur verið unnið ötullega að sértækum forvörnum eins og tannheilsu barna í samstarfi við leikskóla.⁴⁶ Stöðug umfjöllun í Breiðholtsblaðinu og á samfélagsmiðlum sem einblína á Breiðholtsbúa hjálpa til við að gildi og viðmið í samfélaginu sem varða heilbrigðan lífstíl. Hefur verkefnið í Breiðholt verið nýtt sem fyrirmynd fyrir önnur hverfi borgarinnar og í

⁴⁶ Sótt af netinu 24.9.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/forvarnarstefna_breidholts_-_heilsueflandi_breidholt_0.pdf

stefnumörkun borgarinnar um heilsueflandi borg í 5 hverfum hennar en borgin hefur lýst því yfir að hún muni byggja upp heilsueflandi nálgun í samstarfi við landlækni.

Menntun núna

Tekin var ákvörðun af menntamálaráðherra að ráðast í 2 tilraunaverkefni er vörðuðu menntun fullorðinna í september 2013. Voru tvö svæði valin til að taka þátt, annars vegar Norðvesturkjördæmi og svo Breiðholtið. Einkenni beggja svæða var að menntunarstig er ekki hátt og einnig hafði hlutfall innflytjenda hækkað hratt á báðum svæðum. Gerði hagstofan úttekt á menntunarstigi í meðfylgjandi töflu hér að neðan. Markmið verkefnisins var að efla stuðning og ráðgjöf um menntun við fólk. Farið var í ólíka nálgun í þessum tilraunaverkefnum þar sem lögð var meiri áhersla á samstarfi við fyrirtæki í Norðvesturkjördæmi en unnið beint með íbúum í Breiðholti.⁴⁷

Tafla 1 - Menntun í Breiðholti

Menntunarstig	karlar og konur	Grunnmenntun	Framhaldssk.-menntun	Háskóla-menntun	Upplýsingar vantar
Hverfi	Aldur	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall
Reykjavík	Alls 16-74 ára	32,8	33,6	32,4	1,1
Reykjavík	16-24 ára	62	34,8	2,5	0,7
Reykjavík	25-54 ára	22,8	32,1	43,9	1,3
Reykjavík	55-74 ára	31,4	35,9	31,5	1,2
109 Breiðholt	Alls 16-74 ára	41,8	34	21,5	2,7
109 Breiðholt	16-24 ára	66,5	32,7	0	0,8
109 Breiðholt	25-54 ára	38,8	30,5	26,1	4,6
109 Breiðholt	55-74 ára	29,4	39,5	29,7	1,3
111 Breiðholt	Alls 16-74 ára	49,7	38,4	10,8	1,1
111 Breiðholt	16-24 ára	78,9	21,1	0	0
111 Breiðholt	25-54 ára	40,2	44,3	13,6	1,9
111 Breiðholt	55-74 ára	50,2	37,4	12,3	0

Starfað var með Fjölbrautaskólanum í Breiðholti gegn skólaforðun og með Mími varðandi íslenskunám ofl, Námsflokkanum varðandi menntun ungs fólks, stéttafélögin varðandi menntun félagsmanna, Háskóla Reykjavíkur varðandi tækninám og fræðslusetrið Iðunni varðandi raunfærnimat.⁴⁸ Verkefnið stuðlaði að stofnun fjölskyldumiðstöðvar og efldi þá samþættingu sem hafin var með tilkomu Breiðholtsverkefnisins. Ennfremur hafði það jákvæð áhrif á tengsl Gerðubergs við íbúa, sér í lagi innflytjendur í hverfinu.⁴⁹ Nokkur árangur náðist við að fá nemendur í Fjölbrautaskólanum sem höfðu horfið frá námi að skrá sig aftur í tilboð á vegum Menntunar núna en haft var samband við 316 brotthvarfsnemendur á meðan verkefninu stóð.⁵⁰

⁴⁷ Sótt af netinu: <http://www.menntun-nuna.is>

⁴⁹ Sótt af netinu 16.8.2018: <http://www.menntun-nuna.is/sites/default/files/Greinager%C3%B0%20og%20lokask%C3%BDrsla%20Menntun%20nuna%20Brei%C3%B0holt.pdf>

⁵⁰ Sótt af netinu 16.8.2018: <http://www.menntun-nuna.is/sites/default/files/%C3%9Attektarsk%C3%BDrsla%20Menntunar%20N%C3%BAna%20Ostyrihopur%2024%20feb.pdf>



Er nú byggt á niðurstöðum verkefnisins varðandi starfsemi fjölskyldumiðstöðvarinnar en þar fara nú fram íslenskunámskeið og unnið er áfram í samstarfi við Fjölbautaskólann í Breiðholti, m.a. með starfsemi Fab Lab. Haldið hefur verið áfram með Íslenskuþorpið í samstarfi við leikskóla í Breiðholti en það gengur út á nám í íslensku og þjálfun á vettvangi t.d. leikskóla og annars staðar þar sem starfsmenn með annað móðurmál en íslensku starfa.

Fjölskyldumiðstöðin

Nokkur aðdragandi var að stofnun fjölskyldumiðstöðvarinnar. Eftir 2010 hafði verið til umræðu áætlun sem hét Bergin í Breiðholti og fjallaði um samruna borgarstofnanna við Gerðubergið til þess að ná auknum árangri með þéttara samstarfi og hagkvæmari rekstri. Árið 2013 samþykkti svo skóla og frístundaráð tillögu sem gerði ráð fyrir stofnun fjölskyldumiðstöðvar undir heitinu Blíð byrjun⁵¹. Voru þessar tillögur nýttar til þess að skapa fjölskyldumiðstöð á grundvelli félagsstarfsins í Gerðubergi með samþykkt borgarráðs árið 2014. Markmiðin voru að „byggja upp fjölskyldumiðstöð er bjóði uppá þjónustu við íbúa í efra Breiðholti með það að leiðarljósi að laga sig að fjölbreyttum þörfum þeirra.“⁵² Þegar Rauði Krossinn lagði niður fjölskyldumiðstöð árið 2016 þá tókst samstarf með fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi um margvísleg verkefni sem hafa nýst fjölskyldum. Eitt fyrsta verkefnið voru foreldramorgnarnar sem unnir voru í samstarfi við 3 leikskóla. Lögð hefur verið áhersla á að bjóða foreldrum og ungbörnum þeirra aðstöðu til að hittast, veita ráðgjöf og styðja þegar þörf er á. Undir hatti fjölskyldumiðstöðvarinnar hefur einnig verið samstarf um fullorðinsfræðslu, íslenskunámskeið, margvísleg námskeið fyrir foreldra og börn, ráðgjöf fyrir hælisleitendur, samstarf við móðurmáls- og áttahagafélög og kraftmikið sjálfbært félagsstarf fyrir fólk á öllum aldri. Þrátt fyrir að upprunalegar hugmyndir úr Bergunum í Breiðholti um samruna hafi ekki gengið eftir þá hefur tekist gott samstarf með menningarhúsið sem rekur bókasafn, salarleigu og veitingasölu í sama húsi.



Hefur starfsemin opnað á samstarf við fjölmarga aðila og sjálfbóðaliða sem nýtist íbúum hverfisins enn frekar. Talað hefur verið um brúarsmíði og nú seinni árin um menningarmiðlun. Þannig hafa starfsmenn í fjölskyldumiðstöðinni verið kallaðir brúarsmiðir

⁵¹ Sótt af netinu 24.8.2018: <https://reykjavik.is/blid-byrjun-skysla-starfshops>

⁵² Erindisbréf borgarstjóra frá 1. febrúar 2014.

eða menningarmiðlarar. Gott samstarf hefur tekist við þriðja geirann og fer fram á vettvangi fjölskyldumiðstöðvarinnar samstarf með fjölmörgum félagasamtökum og einstaklingum. Hafa verkefni á vegum fjölskyldumiðstöðvarinnar einnig notið velvildar varðandi styrki og samstarfs við margvíslega samfélagssjóði. Gott samstarf hefur einnig verið með ríkisvaldinu sem hefur komið að nokkrum verkefnum með myndarbrag, s.s. Menntun núna og Tinnu sem er ætlað að efla fátækar fjölskyldur og rjúfa vítahring félagslegra erfða gagnvart börnum.

Tinna

Félagsleg þjónusta er meðal stórra verkefna þjónustumiðstöðvar Breiðholts og hefur þar verið mikið horft til þess hvernig megi stuðla að breytingum hjá fátækum og félagslega einangruðum fjölskyldum til betra lífs. Börn í slíkum fjölskyldum geta orðið föst inní félagslegum vítahring þar sem félagslegar erfðir móta og festa þau í fátækt og félagslegri einangrun. Verkefninu Tinna er ætlað að vinna gegn þessu.⁵³ Til grundvallar verkefninu liggur rannsókn um þessi mál og fræðileg grein sem ber sama heiti.⁵⁴ Eftir sameiginlega fundi ráðherra velferðarmála, hverfisstjóra Breiðholts með ráðgjöfum og fólki sem upplifir fátækt í Gerðubergi árið 2015 var tillaga um verkefnið tekið upp á vettvangi velferðarvaktarinnar. Í kjölfarið samdi ráðherra við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og tók þjónustumiðstöð Breiðholts að sér verkefnið. Var því fundinn staður í fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi þar sem mögulegt er að eiga virkari samskipti við þátttakendur.



Hafa foreldrar náð að hefja aftur nám, byrja að vinna á ný og fengið þjálfun sem foreldrar. Börnin hafa fengið stuðning til að taka þátt í t.d. íþróttum og kynnst betur öðrum tækifærum sem þeim stendur til boða.

Læsi allra mál⁵⁵

Læsi – allra mál er heiti samstarfsverkefnis sem fór af stað árið 2015 í Breiðholti. Að verkefninu standa leik- og grunnskólar hverfisins og Þjónustumiðstöð Breiðholts í góðu samstarfi. Megin markmið verkefnisins er að efla málþroska og læsi í Breiðholti. Áhersla hefur verið lögð á samfellu milli skólastiga og markvissrar samvinnu milli leik- og grunnskóla

⁵³ Sótt af netinu 27.8.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/tinna_vel._juli_2017.pdf

⁵⁴ Sótt af netinu 27.8.2018: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/velferdarvakt09/Ritrod-VIII-RBF-Jadarstada-foreldra.pdf>

hverfisins. Reglulegar skimanir með markvissri íhlutun í kjölfarið eru megin uppistaða verkefnisins ásamt ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks og foreldra. Byggir heildaráætlunin á læsisstefnu Reykjavíkurborgar.



Nemendum hefur farið fram í lestri og hefur árangur þeirra í Breiðholtsskóla og Fellaskóla vakið athygli. Eftir á að vinna heildarúttekt á verkefninu sem hefur gegnt frumkvöðlahlutverki innan borgarinnar og stutt heildaráætlun borgarinnar í læsismálum undir stjórn Miðju máls og læsis.

TUFF í Breiðholti

Samtökin The Unity of Faiths Foundation (TUFF) áttu samstarf með Reykjavíkurborg og Íþróttafélagi Reykjavíkur og Leikni um tilraunaverkefni í Breiðholti frá nóvember 2017 til maí 2018. Einnig var gott samstarf við grunnskólana, dansskóla, þjónustumiðstöð, móðurmálsfélögum, trúfélögum, lögreglu ofl. Markmiðið var að auka þátttöku 6-15 ára barna og unglinga í íþrótt- og tómstundastarfi með sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna þar sem börn og fjölskyldur eru studdar til þátttöku í samfélaginu og gagnkvæmrar aðlögunar. Unnið hefur verið gegn félagslegri einangrun, öfgum og útilokun. Kynningar fóru fram víða á möguleikum til íþróttþátttöku; í öllum grunnskólum, frístundamiðstöð, hjá móðurmálsfélögum og trúfélögum svo nokkur dæmi séu tekin. Íþróttþjálfarar og aðrir sem komu að félags- og frístundastarfi barna sóttu námskeið á vegum TUFF um þá nálgun sem samtökin hafa nýtt til þess að ná fyrrgreindum markmiðum.



Niðurstaða skýrslu um verkefnið er að þátttaka barna, unglinga og fjölskyldna í samfélaginu jókst, meðvitund og áhugi á virkri þátttöku og jákvæðum áhrifum íþróttaiðkunar hafa orðið

meiri og tengslanet hverfisins hefur eflst enn frekar.⁵⁶ Tengslanetið hefur einnig náð út fyrir hverfið og tengst íbúum í öðrum sveitarfélögum, breska sendiráðinu og aðilum erlendis sem hafa áhrif á samfélag fjölmennings. Hefur verið ákveðið að starfa með fleiri hverfum og sveitarfélögum að ofangreindum markmiðum.

Okkar mál

Farið var af stað með verkefnið árið 2011 sem var ætlað að efla samstarf leik- og grunnskóla og þjónustumiðstöðvar í Fellahverfi. Okkar mál er þróunarverkefni sem upphaflega var skilgreint til fimm ára þegar samstarfið hófst. Starfslok verkefnisins voru fyrirhuguð vorið 2017 en vegna jákvæðra áhrifa hefur því verið framhaldið. Meginmarkmið verkefnisins að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Einnig hefur verið lögð áhersla á að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í nærsamfélaginu s.s. Menningarhúsið, Gerðuberg, Borgarbókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök. Reynt er að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla, auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku og að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi. Einnig hefur verið reynt að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms.⁵⁷



Okkar mál, samhliða fleiri þróunarverkefnum í Fellahverfi, hefur rammað inn samstarf og skapar þannig formlegan vettvang samskipta um samstarf milli skólanna, skólastiganna, frístundar og stofnananna í hverfinu. Samvinnan hefur stuðlað að því að sérfræðingarnet skólanna hefur stækkað og umræða um skólastarfið í hverfinu hefur stóráukist og þar með áhugi háskólasamfélagsins á skólunum í Fellahverfi. Úttekt Dr. Brynju Halldórsdóttur frá árinu 2014 sýndi að fagaðilar beggja skólastiga gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skilja reynslu barna sem eru að læra nýtt tungumál og byggðu starfið á skilningi og virðingu fyrir heimamenningu nemenda með það í huga að börn og foreldrar sem eru að læra að fóta sig í nýrri menningu og aðstæðum sem gæti verið gjörólík þeirra fyrri reynslu af menningu og skólastarfi. Brynja stýrir úttekt á verkefninu þar sem skoðað er sérstaklega hversu vel hafi

⁵⁶ TUFF Ísland, Breiðholt. Tilraunaverkefni, lokaskýrsla júní 2018.

⁵⁷ Tekið af netinu 20.9.2018:

http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2018/07/starfsskyrsla_verkefnis-2017-2018-1.pdf

tekist að vinna að öllum markmiðum verkefnisins og hvort einhvers staðar þurfi að bæta í. Matið byggir á viðtölum við starfsfólk skólanna.⁵⁸

Geðheilsustöð Breiðholts

Verkefnið var þróað að frumkvæði geðteymis heimahjúkrunar. Tilgangurinn hefur verið að samþætta þjónustu sem geðteymi veitir með heimavitjunum, við félagslega þjónustu sem veitt er frá Þjónustumiðstöð Breiðholts með það að markmið að bæta og efla þjónustu sem veitt er í nærumhverfi til þeirra einstaklinga sem eiga við geðsjúkdóma að stríða. Helstu samstarfsaðilar fyrir utan geðteymið og þjónustumiðstöðvar voru Landsspítalinn og heilsugæslan.



Árangur Geðheilsustöðvar Breiðholts birtist m.a. í því 28% færri innlagnir urðu hjá Landsspítalanum á árunum 2012 – 2014. Ekki var veitt viðbótarfjármagn í þessa nýsköpun heldur voru gerðar breytingar á skipulagi starfsmannamála og unnið að skilgreindara samstarfi milli Þjónustumiðstöðvar og geðteymis⁵⁹ Verkefnið fékk nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu árið 2015.⁶⁰

Samstarf við félagasamtök

Við upphaf Breiðholtsverkefnisins var ljóst að borgin myndi ná meiri árangri með því að eiga samstarf. Fyrir utan náð samstarf með ríkinu var því leitað eftir samstarfi við 3ja geirann eða félagasamtök, einstaklinga og fyrirtæki. Lagt var upp með hugmyndir um að þróa samstarfið í anda samfélagsvinnu og kenninga um félagsauð. Með því að starfa með íbúum og félagasamtökum þeirra væri betur hægt að samnýta bestu lausnir út frá raunverulugri þörf. Samstarf með Rauða Krossinum hefur verið um þróun fjölskyldumiðstöðvar og hafa í tengslum við það sprottið upp verkefni eins og fataskiptamarkaður fyrir börn, aukin heimanámsaðstoð og stuðningur við hópa eins og innflytjendur. Hefur verið gerður formlegt samkomulag um þetta samstarf milli Reykjavíkurborgar og Rauða Krossins.

⁵⁸ Tekið af netinu 20.9.2018:

http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/Skyrsla_15052015BH.pdf

⁵⁹ Sótt af netinu 28.8.2018: https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Rekstur-og-eignir-rikisins/Nyskopun/2015_Ge%C3%B0heilsust%C3%B6%C3%B0_VII.pdf

⁶⁰ Sótt af netinu 6.9.2018: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/nyskopun-i-rikisrekstri/nyskopunarverdlaun/>



Samstarf hefur verið með samtökum á borð við Hjálparstofnun kirkjunnar og PEPP (People experiencing poverty) til að vinna gegn fátækt og við að styðja fjölskyldur sem það þurfa. Hefur þetta samstarf tengst verkefninu Tinnu og uppbyggingu fjölskyldumiðstöðvarinnar. Hefur verkefnið Breiðholtsbrúin verið unnið með þessum aðilum ásamt Breiðholtskirkju, Fella- og Hólakirkju. Gengur verkefnið út á að bjóða fólki uppá tækifæri til að elda og borða saman, efla tengslin og auka möguleika á gagnkvæman stuðning. ⁶¹



Öflugt samstarf hefur verið vegna fjölmenningsarsamfélagsins. Hafa móðurmálsfélögin fengið afstöðu fyrir starfsemi sína fyrir atbeina þjónustumiðstöðvarinnar. Er samstarf við margvíslega aðila sem efla líf og tilveru fólks sem flytur í Breiðholtið. Hafa t.d. Kúrdar haldið menningar- og listahátíð í Gerðubergi, Búddistar á Íslandi haldið samkomur tengdar starfi sínu, hópar sem vilja efla þekkingu á íslenskri tungu, menningu, ábyrgð og skyldu með námskeiðum og fundum. Fjölmenningshátíð Reykjavíkurborgar var svo haldin í samstarfi við fjölskyldumiðstöðina og Menningarhúsið í Gerðubergi vor 2018.



Einnig hefur samstarf um félagsstarf verið formgert með samningi við Félag eldri borgara. Samstarfið við félagasamtök hefur opnað nýjar dyr varðandi möguleika á styrkjum og samvinnu við nýja aðila. Þessi nálgun er valdeflandi og líkleg til að örva frumkvæði, tengsl og

⁶¹ Tekið af netinu 24.9.2018: <http://borgarblod.is/?p=2182> og <https://www.facebook.com/groups/1374429229246345/?fref=nf>

meiri hlutdeild í því samfélagi sem verður til í samtímaþróun. Auðveldara verður að nálgast þær bjargir sem eru til staðar í samfélaginu.⁶²

Fab Lab

Framþróun er eitt einkunnarorð Breiðholtsverkefnanna og birtist hvergi eins skýrt og í samstarfi Reykjavíkurborgar, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Nýsköpunarmiðstöðvar um stærsta Fab Lab landsins og er staðsett í Breiðholti. Fyrst var Fab Labið sett uppí Fellagörðum (Eddufelli) sem er við hliðina á Fellaskóla og var hugmyndin að gera það eins aðgengilegt almenningi og kostur væri. Eftir að borgin missti húsnæðið var ákveðið að taka tilboði Fjölbrautaskólans um að hýsa það þar. Starfsemin hefur þróast og verið vettvangur námskeiða, grasrótastarfs og kennslu fyrir nemendur og almenning.




Nýleg þróun hefur leitt í ljós hversu vel þessi starfsemi styður við hönnun og nýsköpun ungs fólks í hönnunarsprettum (Google Ventures) og samstarfi um t.d. Menntamaskínu. Verið er að finna lausnir sem varða heilbrigði og velferð svo dæmi sé tekið. Hefur þessi þróun örvað nálæga grunnskóla og bókasafnið í Gerðubergi sem hefur sett upp svæði sem kallast „Maker space“ og er nátengt starfsemi Fab Lab. Eru vonir bundnar við að þessi þróun kalli fram enn meiri áherslu á skapandi grósku sem leiði til framþróunar á svæðinu. Situr hverfisstjóri í stjórn Fab Lab fyrir hönd borgarinnar.

Stærsta vegglistasafn landsins

Samfara þeim áherslum að þróa þjónustu með samhæfðum hætti var ráðist í margvíslegar breytingar sem vörðuðu umhverfið. Borgaryfirvöld tóku ákvörðun um að dreifa betur uppsetningu listaverka í úthverfin án aukafjárveitingar og hefur á árunum 2012-2017 verið lögð áhersla á vegglistaverk í Breiðholti. Var markmiðið að breiða út list í opinberu rými utan miðborgarinnar, fegra efra Breiðholt og auka stolt íbúanna af nærumhverfi sínu. Leitaði Menningar- og ferðamálasvið eftir samstarfi við þekkta listamenn um að setja verk þeirra uppá stóra fleti fjölbýlishúsa og bygginga. Theresa Himmer reið á vaðið í október 2013 með því að setja upp verk sitt, Birtingarmynd, á vegg Jórufells 2-12.

⁶² McKnight, Block, 2012, The abundant community



Því næst setti Sara Riel upp Fjöðrina sem fór uppá vegg hjá Asparfelli 2-12. Var haldinn fundur með íbúðareigendum í Asparfellinu sem samþykktu einróma að þetta verk yrði sett upp. Í kjölfarið fylgdu svo listamennirnir Erró og Ragnar Kjartansson. Verk Erró fóru uppá fjölbýlishúsið Álftahóla 4-6 sem heitir Réttlætisgyðjan og Frumskógardrottningin fór á sundlaug og íþróttamannvirki borgarinnar við Austurberg. Verkið eftir Ragnar Kjartansson og var sett uppá fjölbýlishúsið Krummahóla 2 og var eftir jólakorti sem hann sendi til kærustunnar.



Vegglistahópur ungmenna sem starfaði í frístundamiðstöðinni Miðbergi fékk svo að setja upp verk á nokkrum stöðum í hverfinu, t.d. í undirgöng og víða. Samhliða þessu átaki var að beiðni borgarstjóra leitað eftir samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur um að auka myndlistakennslu í Breiðholti og starfar hann nú í aðstöðu Miðbergs við Gerðubergið.

Lýðræði

Hverfisráð Breiðholts hefur þróast á síðastliðnum 5 árum í takti við áherslur hverfisverkefna. Hverfisstjóri sem jafnframt hefur verið framkvæmdastjóri hverfisráðs fékk það hlutverk að þróa tækifæri til aukins lýðræðis og samráðs. Til að greina þörf íbúa fyrir þjónustu og með hvaða hætt væri best að þróa voru haldin Breiðholtsþing þar sem tekin voru á dagskrá margvísleg mál.⁶³ Foreldrar fengu tækifæri á að ræða mál sem lutu að uppeldis- og skólamálum, umhverfismál voru rædd sérstaklega á einu þingi og einnig var öryggi rætt í tengslum við nágrannavörslu og löggæslu hverfisins. Uppúr Breiðholtsþingum komu margvísleg mál sem hafa svo verið kynnt aftur. Var til dæmis þróun Seljagarða kynnt sem verkefni sem íbúar fengu tækifæri til að þróa með stuðningi hverfisbækistöðvar. Gekk það út á að hópur íbúa fékk að fóstta svæði og rækta á því. Annað stórt mál var unnið í náninni samvinnu með íbúum sem var gerð hverfisSKIPulags. Í samstarfi við Umhverfis- og

⁶³ Sótt af netinu 24.9.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ni_urstoe_ur_brei_holts_ings_28_n_v_2012.pdf

skipulagssvið var ákveðið að nota lýðræðislega aðferð frá Englandi, „Planning for real“ sem þýtt var sem Skapandi samráð. Gerð voru þrívíddarlíkön af hverfinu sem svo börn, foreldrar og íbúar fengu að setja hugmyndir inná í 5 grunnskólum og Menningarhúsi hverfisins.⁶⁴ Mun nýtt hverfisskipulag væntanlega líta dagsins ljós í lok árs 2018.



Hverfisiráð Breiðholts átti fulltrúa í stýrihópi verkefnisins og lagði áherslu á að þróa áfram lýðræðisvinnu fyrir hverfið. Niðurstaðan var m.a. að móta stefnu fyrir hverfið byggt á samtali og samráði við íbúa.⁶⁵ Hefur verið unnið að framfylgd hennar. Verkefnið betri hverfi hefur haft jákvæð áhrif á lýðræðisvirkni íbúa og hafa fjölmörg verkefni sem íbúar hafa kosið verið unnin í samráði við hverfisiráð. Í hverfisiráði hafa íbúasamtökin átt fastan áheyrnarfulltrúa sem hefur átt samstarf um fjölmörg jákvæð verkefni. Eitt hlutverkið hefur verið að miðla jákvæðum verkefnum með öflugri facebook síðu þeirra.⁶⁶ Einnig hefur verið ágætt samstarf hverfisiráðs með ungmennaráði Breiðholts sem hefur látið að sér kveða með góðum málum á sameiginlegum vettvangi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs unglunga.



Hverfisiráð hefur út frá stefnu sinni starfað með samtökum og íbúum að uppákomu til að auka félagsauð hverfisins. Dæmi um slíkt er árlegt Breiðholts festival sem varð til að frumkvæði Bedroom community og svo unnið með hverfisiráðinu. Einnig hefur verið haldin fjölmennningarhátíð, íbúar fengið viðurkenningar sem hverfishetjur og samstarf við listahátíð Reykjavíkur.⁶⁷

⁶⁴ Sótt af netinu 24.9.2018: <http://hverfisskipulag.is/samrad/>

⁶⁵ Sótt af netinu 24.9.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/stefnumid_og_framtidarsyn_0.pdf

⁶⁶ Sjá tengil: <https://www.facebook.com/groups/48187369678/>

⁶⁷ Sótt af netinu 4.10.2018: <https://www.facebook.com/breidholt.festival/>

Sameiginleg verkefni

Á síðustu 5 árum hafa verið þróuð sameiginleg verkefni í víðtæku samstarfi. Fyrst má nefna Saman gegn ofbeldi sem er samstarfsverkefni Velferðasviðs og þar með þjónustumiðstöðva, barnaverndar Reykjavíkur og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ofbeldisbrot hafa komið upp hefur verið hægt að kalla út af bakvakt félagsráðgjafa inná heimilið með fulltrúa lögreglunnar og starfsmann barnaverndar, öll í ólíkum hlutverkum til þess að koma málum í uppbyggilegan farveg. Hefur hæst hlutfall slíkra mála verið í Breiðholti. Verulegur árangur hefur náðst og auðveldað alla eftirfylgd.⁶⁸ Annað verkefni tengist þróun í málefnum fatlaðs fólks og kallast þjónandi leiðsögn. Er þetta hluti af framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um sjálfstætt líf. Unnið hefur verið með aðferðir þjónandi leiðsagnar þar sem hefur þurft að fara nýjar leiðir til að ná árangri í krefjandi þjónustu við fatlað fólk. Náðið samstarf er með Akureyrarbæ og alþjóðlegu samtökunum Gentle teaching um það.⁶⁹ Umtalsverður árangur hefur náðst og hefur þetta verið kynnt sem ein megin nálgunin hjá borginni í þjónustu við fatlað fólk. Hefur þjónustumiðstöð Breiðholts getað leitað til leiðandi sérfræðinga í heiminum á þessu sviði sem hafa komið reglulega síðustu ár, haldið námskeið, þjálfað og unnið með starfsfólki í þjónustunni.

Niðurstöður

Breiðholtsverkefnin voru tekin út af tveim aðilum eins og gert var ráð fyrir í samþykkt Borgarráðs um Breiðholtsverkefnið.⁷⁰ Fyrst var gert stöðumat af Stofnun stjórnsýslufræða fyrir árin 2013 og 2014 og svo gerði ráðgjafafyrirtækið Expectus lokaúttekt í lok árs 2015. Meginniðurstöður frá stöðumatinu voru að unnið hefði verið faglega út frá stefnumiðaðri nálgun. Það sem einkennir mörg verkefnanna sem hafa orðið til í Breiðholtinu síðastliðinn ár er að þau hafa mikið nýsköpunargildi. Einnig má sjá ríka áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnir. Með því að bregðast snemma við á aldursskeiðinu og fyrr en seinna þegar áskoranir gera vart við sig hefur tekist að afstýra frekari vanda, innleiða betri lífshætti og hafa áhrif á grunnigildi til jákvæðari áttar. Einnig einkennir mikið samstarf og samhæfing flest verkefnanna. Nýsköpunargildi verkefnisins fælist m.a. í því að samstarfsnet hverfisins hafði verið styrkt nokkuð, samskipti næðu langt út fyrir borgarkerfið við t.d. ráðuneyti og félagasamtök og þessi tengsl hefðu skapað tækifæri fyrir ný verkefni. Þróuð hefði verið kerfisbundin nálgun sem gæti nýst öðrum hverfum. Fjöldi nýrra verkefna hafa orðið til og sum þeirra hlotið viðurkenningu.⁷¹ Fram kemur að sumir stefnuþættir í áætluninni voru óþarfir

⁶⁸ Sótt af netinu 28.9.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/afangaskyrsla_151019_afangaskyrsla_-_saman_gegn_ofbeldi_fin.pdf

⁶⁹ Sótt af netinu 28.9.2018:


https://fundargatt.akureyri.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=03636268259226056582&meetingid=1703033F%20%20%20%20%20%20%20&filename=Busetudeild_ThjonandiLeidsogn_single_LR008-loka.pdf&cc=Document

⁷⁰ Sótt af netinu 24.9.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/sam_ykkt_tillaga_um_brei_holtsverkefni_1.pdf

⁷¹ Sótt af netinu 28.8.2018: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/nyskopun-i-rikisrekstri/nyskopunarverdlaun/>

þar sem þeir skarist á við fyrirliggjandi stefnuþætti annars staðar í borgarkerfinu. Einnig kom fram að við útfærslu sumra samstarfsverkefna hefur gætt tregðu við útfærslu og innleiðingu þeirra.⁷² Fara þessar niðurstöður saman við niðurstöðu Expectus sem tiltók einnig að mælikvarðar verkefna hefðu ekki verið nægilega skýrir og virkir. Hefði þetta torveldað mat á árangri verkefnisins. Til að bregðast við þessu var gerð viðhorfskönnun meðal helstu hagsmunaaðila Breiðholtsverkefnis, s.s. íbúum, frá stofnunum, íbúasamtökum og stjórnmálum. Svöruðu 27 aðilar henni.



Meginniðurstöðurnar voru að 63% voru sammála því að þjónusta borgarinnar hefði batnað með tilkomu hverfisstjóra, 30% voru hvorki sammála eða ósammála og 7% frekar ósammála. 56% svarenda töldu að lýðræði hefði aukist með tilkomu verkefnisins, 21% hvorki né og 26% frekar ósammála. Þegar spurt var út í samvinnu stofnanna til þess að auka lýðræði þá töldu 92% mikilvægt að auka hana, 4 % hvorki né og 4% frekar ósammála.⁷³ Þegar litið er til aðgerða sem voru framkvæmdar til að efla samvinnuna þá endurspeglar mikill vilji hagsmunaaðila til samvinnu, árangur þeirra. Fyrir var góð samvinna og hún eflað með blöndu af samstarfsfundum hjá stjórnendum stofnanna og námskeiði í heiltækri forystu. Ein aðgerð sem kom út úr þessum fundum var tilkoma Breiðholtsbylgjunnar, starfsdagur alls starfsfólks í Breiðholti til að hittast og deila þekkingu með markvissum hætti. Mikil ánægja var hjá starfsfólki með þessa daga sem endurspegladist í viðhorfskönnunum sem framkvæmdar voru í kjölfar þeirra. Greina mátti marktækan mun á viðhorfi með tilliti til menntunarstigs en því minni menntun því meiri ánægja. Voru starfsmenn leikskóla einna ánægðastir með daginn.⁷⁴ Eru fjölmörg þeirra verkefna sem hefur verið lýst hér að ofan byggð á samstarfi og hefðu hugsanlega ekki orðið til eða náð þeim árangri sem þau hafa náð nema með þéttu samstarfi ólíkra aðila. Breiðholtsverkefnin vöktu athygli út fyrir landssteinana og dvaldi

⁷² Breiðholt, stöðumat 2013-2014

⁷³ Reykjavíkurborg. Breiðholtsverkefnið – Þróun íbúalýðræðis og stjórnsýslu í Breiðholti.

⁷⁴ Sótt af netinu 29.8.2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/working_together_breidholtsbylgjan_2017.pdf

rannsóknarhópur COST action sem kemur víðs vegar að úr Evrópu í Breiðholti, í viku við söfnun gagna árið 2016.⁷⁵ Meðal niðurstaðna kom fram að þáttur brúarsmiða skilaði góðum tengslum við innflytjendur og sú nálgun að bjóða uppá samtal við íbúa, hvort sem um fundi eða facebook væri að ræða, væri skilvirkari en að miðla upplýsingum í bæklingum og hefðbundnum miðlum. Þar sem innflytjendum er gert auðvelt að taka þátt í samfélagslegum athöfnum, þar hafi tekist vel til með samlögun og vinnu gegn aðgreiningu.⁷⁶ Einnig var fjallað með jákvæðum hætti um árangur í samhengi við það hvernig unnið var úr hruninu í samfélagsþjónustu. Voru niðurstöður kynntar í skýrslu fyrir Mannréttindanefnd sameinuðu þjóðanna. Var litið sérstaklega til þess hvernig við vinnum með samlögun nýrra íbúa.⁷⁷ Sambærilegar niðurstöður má greina úr TUFF verkefninu þar sem áhersla var lögð á að heimsækja ólíka trúarhópa, móðurmálsfélög og staði þar sem innflytjendur koma á. Með því var byggt upp traust og samskiptaleið til frekara samtals og miðlunar mikilvægra upplýsinga um möguleika til þátttöku fyrir börn eins og t.d. styrkja í formi frístundakorts og þjónustu sem stendur öllum til boða.⁷⁸ Því er hægt að álykta að ástæða er til þess að auðvelda þessi samskipti, notkun aðstöðu á vegum opinberra aðila og bjóða nýja íbúa sérstaklega velkomna inná opinber svæði.

Fjölbreytni verkefnanna sem tengjast þróun síðustu 5 ára endurspeglar hversu víðtæk Breiðholtsverkefnin hafa verið og eru. Greina má nokkra þætti sem einkenna þróunina. Leitast hefur verið við að beita snemmtækri íhlutun og fylgja þar með áherslum sem teljast árangursríkar. Áhersla er þar lögð á fyrstu 10 ár barna og að mæta þeim, foreldrum og fjölskyldum með stuðningi og leiðbeiningum. Áhersla á námskeið og virkum stuðningi sem m.a. er lýst í Breiðholtslíkaninu hefur dregið úr þörf á frekari aðgerðum. Einnig má greina áherslu á að veita gagnvirkari þjónustuna og í meira samstarfi við aðra aðila svo sem félagasamtök. Dæmi um slíkt má finna frá víðtækri þróun fjölskyldumiðstöðvarinnar og verkefna sem hafa þróast þar s.s. Tinnu, þjónustu við innflytjendur og skiptifatamarkað Rauða krossins. Þá er megináhersla í öllu starfi á notendasamráð, sjálfbært starf og valdeflingu. Á þetta við bæði í felagsstarfinu og Tinnu sem og fleiri verkefnum. Stærri skref hafa verið stigin til þess að nálgast nýja íbúa með aðferðum menningarmiðlunar og brúarsmíði m.a. með verkefnunum Menntun núna (Íslenskuþorpið) og TUFF. Með því fara inná rými innflytjenda og bjóða til baka uppá aðstöðu og stuðning við starfið hefur tekist að skapa tengsl og traust um samstarf. Taka þarf svo skrefin enn lengra og stuðla að enn persónulegri tengslum nágretta, þjónustuaðila og annarra sem geta hjálpað til við samlögun í samfélaginu.

⁷⁵ COST Action builds on a European Science Foundation exploratory workshop on the emerging theme of smart and liveable cities.

⁷⁶ Wilkinsson, C; Fumagalli, I; Rosetti, S. (2016). Rebranding a district. The Breidholt project in Reykjavik. Sjá nánar á krækju:
<http://www.tema.unina.it/index.php/tema/article/view/4004/4812?acceptCookies=1>

⁷⁷ Sótt af netinu 1.10.2018:


<https://www.ohchr.org/EN/NewsEvents/Pages/DisplayNews.aspx?NewsID=15420&LangID=E>

⁷⁸ TUFF Ísland, Breiðholt. Tilraunaverkefni, lokaskýrsla júní 2018.

Aðstoð og ráðgjöf á alþjóðavettvangi hefur nýst þróuninni. Þar hafa komið að sérfræðingar í þvermenningarlegri nálgun (intercultural), nýjum faglegum aðferðum í þjónustunni og gagnkvæmur samannburður á stefnumörkun milli landa. Þar sem samfélagið verður stöðugt fjölmenningarlegra þá verður það enn brýnna að vinna að lausnum þvert á landamæri og sækja þannig bestu þekkingu hverju sinn þegar þróaðar eru lausnir í þjónustunni.

Breiðholtslíkanið – Samþættingarnálgun

Ef skoðuð eru helstu einkenni þróunar hverfanálgunar Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega litið til þróun síðustu 5 ára í Breiðholti þá má sjá nokkur megineinkenni sem má líta á sem líkan og jarðveg þeirrar framþróunar sem átt hefur sér stað og birtist þeim fjölda verkefna sem greint hefur verið frá.



1. *Forvarnir og snemmtæk íhlutun.* Hér er vísað í verkefni sem varða Breiðholtslíkanið og Heilsueflandi Breiðholt.
2. *Samstarf og samþætting.* Gott samstarf hefur tekist með stjórnendum í hverfinu sem birtist í fjölmörgum verkefnum s.s. Geðheilsustöð Breiðholts.
3. *Kerfishugsun.* Vísað er í þann grunn sem lagður var til stjórnenda og starfsfólks
4. *Miðlun upplýsinga.* Notkun samfélagsmiðla og áhersla á samráð hefur skilað betri upplýsingum og haft jákvæð áhrif á umræðu og ímynd.
5. *Tækifæri til lærdóms.* Breiðholtsbylgjan, Menntun núna og áhersla á námskeið, rannsóknir og þjálfun hafa gagnast vel við lærdóm og framþróun.

Óskar Dýrmundur Ólafsson

Hverfisstjóri/Framkvæmdastjóri

12.10.2018

Heimildaskrá

Allison, Graham T: „Public and private management: Are they fundamentally alike in all unimportant respects?“, Shafritz, Jay M. og Hyde, Albert C. (ritstjórar) Classics of public administration, Fort Worth 1997, s 387 - 403

Bason, Christian (2010). *Leading public sector innovation. Co-creating for a better society.* Bristol: The policy press.

Borgarráð (2011). “Tillaga að tilraunaverkefni í Breiðholti”, samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 1. nóvember 2011.

Breiðholt.is

Breiðholt, stöðumat 2013 – 2014. Unnið af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Háskóla Íslands janúar 2015.

Bronfenbrenner, Urie (1979). *The ecology of human development. Experiments by nature and design*, Cambridge: Harvard University Press.

Coleman, James (1994). *Foundations of social theory*, Cambridge: Harvard university press.

Deming, W. Edwards (1982). *Out of the crisis*, Boston: MIT press.

Hagstofa.is

Hjálmar Sveinsson, Hrund (2018). *Borgin heimkynni okkar*

Lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994

Margrét Þorvaldsdóttir, Sveinn Máni Jóhannesson (2010). „Þróun og nýsköpun. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar 2005 – 2010”, Reykjavík:Nýsköpunarsjóður námsmanna:. Sótt af vefnum 12. Nóvember 2014:
http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/throunognyskopun.pdf

McKnight, Block, 2012, *The abundant community, awakening the power of families and neighborhoods*. San Fransisco: Berrett-Koehler publishers.

Ómar H. Kristmundsson, Steinunn Hrafnisdóttir (2008). *Stjórnun og rekstur félagasamtaka*, Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Óskar Dýrmundur Ólafsson, Hervör Alma Árnadóttir (2016). *Working together in local communities. Networking and learning for better service*.

Seddon, John (2008). *Systems thinking in the public sector. The failure of the reform regime and a manifesto for a better way*, Axminster:Triarchy press.

Putnam, Robert D. (2000). *Bowling alone. The collapse and revival of American community*, New York:Simon and Schuster.

Reykjavik.is

Reykjavíkurborg. Breiðholtsverkefnið – Þróun íbúalýðræðis og stjórnsýslu í Breiðholti. Expectus 2015.

Rogoff, Barbara (2003). *The cultural nature of human development*, Oxford: Oxford university press.

Sampson, Peter J. (2012). *Great American city: Chicago and the enduring neighborhood effect*, Chicago: University of Chicago press.

Wilkinson, C; Fumagalli, I; Rosetti, S. (2016). Rebranding a district. The Breidholt project in Reykjavik.